

Nýr skóli í Dalshverfi Reykjanesbæ

Forsögn



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Umhverfis-og skipulagssvið
Fræðslusvið
September 2016

Efnisyfirlit

1 FORSÖGN.....	4
1.1 INNGANGUR	4
1.2 SKÓLI MARGBREYTILEIKANS.....	4
1.3 UNDIRBÚNINGURINN	5
1.4 TENGL VÍÐ FORELDRA OG GRENNDARSAMFÉLAG	5
1.5 HVERFISMIÐSTÖÐ.....	5
1.6 VISTVÆN HÖNNUN.....	5
1.7 ÁFANGASKIPTING	7
1.8 SKÓLAHVERFIÐ	7
1.9 SKÓLALÓÐIN OG NÆSTA UMHVERFI.....	7
2 INNRA STARF skólans.....	7
2.1 Leiðarljós nýs skóla.....	7
2.2 MARKMIÐ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS.....	8
2.3 Nútímaskóli.....	8
2.4 SAMÞÆTTING	9
2.5 STARFSEMI LEIKSKÓLAHLUTA.....	9
2.6 LÝSING Á DÆMIGERÐUM DEGI Í LEIKSKÓLA	9
2.7 LÝSING Á DAGSKIPULAGI BARNA Í 1.-4. BEKK	9
3 RÝMI	10
3.1 SAMEIGINLEG RÝMI.....	10
3.2 STJÓRNUN	10
3.3 KAFFISTOFA ALLRA STARFSMANNA	10
3.4 MATSALUR.....	10
3.5 ELDHÚS OG MATVÆLAGEYMSLA	11
3.6 ALMENNT UM LEIKSKÓLAHLUTANN	11
3.7 SAMEIGINLEG RÝMI LEIKSKÓLAHLUTA - FJÖLNOTARÝMI	11
3.8 HEIMASVÆÐI	12
3.9 FATAHERBERGI	12
3.10 GEYMSLUR FYRIR LEIKSKÓLAHLUTANN.....	12
3.11 STJÓRNUN	12
3.12 SNYRTING STARFSFÓLKS	13
3.13 ALMENNT UM GRUNNSKÓLAHLUTANN.....	13
3.14 ALMENNT NÁMSRÝMI.....	13
3.15 TEYMI.....	14
3.16 NÁMSVER	14

3.17 VÍSINDASVÆÐI - NÁTTÚRUSTOFA	15
3.18 SMÍÐJA - LIST- OG VERKGREINASVÆÐI	15
3.19 FJÖLNOTASALUR	15
3.20 TÓNMENNT	16
3.21 UPPLÝSINGAVER	16
3.22 HEIMILISFRÆÐI	16
3.23 ÍÞRÓTTASALUR OG SUNDLAUG	16
3.24 FRÍSTUNDAHEIMILI OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ	16
3.25 FRÍSTUNDASTARF ALLT ÁRIÐ UM KRING	17
4 SKÓLALÓÐIN	18
4.1 HELSTU ÁHERSLUR	18
4.2 GRUNN- OG LEIKSKÓLALÓÐ	18
5 AÐ LOKUM	18
6 VIÐAUKI – STÆRÐIR	19

1 FORSÖGN

1.1 INNGANGUR

Nýjasti skólinn í Reykjanesbæ mun rísa í Dalshverfi í Innri Njarðvík. Niðurstaða undirbúningshóps sem skilaði skýrslu í júní 2016 var að byggður verði heildstæður skóli, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaskóli og félagsmiðstöð. Skólinn sem staðsettur er í austasta hluta bæjarins á jafnframt að geta þjónað grenndarsamfélaginu sem einskonar menningarmiðstöð.

Skólinn á að bera þess merki að horft er til framtíðar um leið og kröfum samtímans er mætt. Megin einkenni skólans verður sveigjanleiki, sveigjanleiki í kennsluháttum, í nýtingu rýmis, í skipulagi vinnudags og skilum á milli skólastiga.

Skólinn og umhverfi hans á að bera þess merki að vera leik- og grunnskóli, heimilislegur og hlýlegur og opinn gagnvart umhverfinu, börnum, foreldrum og íbúum.

Nýr skóli verður staðsettur miðsvæðis milli Dalshverfis I og Dalshverfis II. Hann mun hýsa 500 nemendur í grunnskóla í árgöngum 1.- 10. bekk og 120 leikskólabörn.

Lögð verður áhersla á fjölbreytta nýtingu skólabyggingarinnar; fyrir íbúa hverfisins og samstarfsaðila, fyrir aldraða, sumarstarf og íþróttir. Hugað verði sérstaklega að samstarfi og samþættingu starfs barna á aldrinum 2 – 16 ára, samnýtingu á mörkum skólastiga, mörkum skóla- og frístundastarfs og á mörkum grunnskóla- og tónlistarstarfs.

Skólahúsnæði má ekki vera greypt í stein þó það sé byggt úr steini, það þarf að vera lifandi og sveigjanlegt á hverjum tíma og á hverjum degi. Áhersla er lögð á að skólastarfið fari ekki síður fram utan húss en innan, að skólinn tengist umhverfinu og nýti sér nálægðina við náttúruna allt um kring. Útikennsla og fjölbreyttar námsleiðir verða hafðar í fyrirrúmi þar sem hvert einstakt barn fær að vinna miðað við sinn þroska, áhuga og getu.

Aðalinngangar skólans þurfa að vera bjartir og opnir og huga þarf vel að ferilmálum og tryggja aðgengi allra að öllum hlutum byggingar og umhverfis hennar samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar. Einnig þarf að huga að því að inngangar og aðkoma henti starfi sem fer fram utan hefðbundins opnunartíma. Að öðru leyti er vísað í skýrslu undirbúningshóps um *Nýjan skóla í Dalshverfi*.

1.2 SKÓLI MARGBREYTILEIKANS

Nýr skóli í Dalshverfi er fyrir öll börn og býr yfir þekkingu til að sinna öllum nemendum. Öll börn eiga rétt á að stunda nám í sínum heimaskóla, en geta valið skóla í öðrum hverfum. Jafnréttis er gætt í öllu starfi skólans og er unnið í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Öll börn njóta heildstæðs skóladags þar sem leikur, listir og lýðheilsa fléttast saman.

1.3 UNDIRBÚNINGURINN

Undirbúningsferlið var unnið samkvæmt DDP, Design Down Process. Meðfylgjandi hugmyndir og tillögur um áherslur í skólastarfi og hönnun byggingar er afrakstur þeirrar vinnu og kemur fram skýr mynd af því skólasamfélagi sem fyrirhugað er að vinna að í Dalshverfi.

1.4 TENGLI VIÐ FORELDRA OG GRENNARSAMFÉLAG

Nýr skóli í Dalshverfi verður hjarta hverfisins og í nánnum tengslum við grenndarsamfélagið. Starfsemin nær út fyrir skólahúsið, en einnig á skólinn að gefa kost á að ýmis starfsemi á vegum íbúanna fari fram í húsnæði skólans. Þannig tengist skólinn annarri starfsemi í sínu nánasta umhverfi. Foreldrar taka virkan þátt í námi barna sinna og eiga greiðan aðgang að upplýsingum um allt sem snýr að skólagöngu þeirra. Skóladagurinn er heildstæður og býður upp á fjölbreytt tólmstundaframboð enda er frístundastarf samofið starfinu. Innan veggja skólans starfar tónlistarskóli bæjarins. Mikilvægt er að starf skólans taki mið af því menningarlega og náttúrulega umhverfi sem hann er í. Umhverfi skólans býður upp á margháttða tengingu við náttúruna. Því er áriðandi að strax í upphafi sé lögð mikil áhersla á hverskonar umhverfismennt og náttúruvísindi.

1.5 HVERFISMIÐSTÖÐ

Áhugi er á því að skólinn og starf hans tengist sem allra mest íbúum hverfisins og þeirri menningu sem þar mun byggjast upp. Mikilvægt er talið að sem flestir hafi greiðan aðgang að skólahúsinu og að stuðlað verði að því að **skólinn sé nokkurs konar hverfismiðstöð**. Þannig má sjá fyrir sér að ungir sem aldnir komi saman í skólanum í starfi og leik. Skólinn geti verið miðstöð fyrir foreldra, kennara, íþróttir, tólmstundir, skátana, eldri borgara, bókasafn, stóra húsfundi/hverfafundi, kór, námskeiðshald, sýningar og aðra menningarstarfsemi.

1.6 VISTVÆN HÖNNUN

Við undirbúning, hönnun og byggingu skólans verður horft á alþjóðlega umhverfis- og hönnunarstaðla auk sér íslenskra aðstæðna og reglugerða. Byggingin verður aðlöguð að þessari vistvænu hönnun eftir því sem aðstæður leyfa. Horft verður til eftirfarandi þátta.

Lóð og umhverfismál

Huga þarf vel að staðsetningu lóðarinnar og tengslum hennar við náttúru, umferða- og bílastæðamál, almenningsamgöngur og göngutengingar auk meðferðar á yfirborðsvatni og áhrif á vatnabúskap svæðisins.

Notkun vistvænna – og endurnýtanlegra efna

Hér er m.a. átt við flokkun á endurnýtanlegum efnum við sorphirðu, stjórnun á efnisúrgangi við byggingu húss og lóðar, nýtingu innlendra byggingarefna, umhverfisvottaðra byggingarefna og endurnýtanlegra byggingarefna.

Lýsing, rafmagn og smáspenna

Samspil milli raflýsingar og náttúrulegrar birtu á að skapa aðlaðandi sjónrænt og vinalagt andrúmsloft þar sem fólki líður vel. Hönnun byggingar og staðsetning glugga skal vera þannig að hægt sé að nýta

dagsljós sem allra mest og að stjórnun lýsingar gerist sem allra mest á viðkomandi stað. Huga þarf vel að því að útilýsing sé góð. Ljósaskynjarar (hreyfi) eru ekki að virka fyrir yngri börnin, þ.e. skynjarar grípa þau ekki og því eru þeir óæskilegir, til dæmis á snyrtingum. Áhersla er lögð á að ledlýsing sé notuð eins og kostur er. Hugað sé sérstaklega að staðsetningu á klukkum og vali á skólabjöllu. Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar gæði lýsingar.

Tölvur og tölvulagnir

Leggja þarf fram tillögur að lausnum hvað varðar tölvu- og rafræn samskiptamál sem eru í takt við það sem best gerist í skólum og á nútíma vinnustöðum, en eru jafnframt hugsaðar sem hagkvæmastar. Gera á ráð fyrir að allar tölvur kennara og nemenda séu tengdar þráðlausu neti og aðeins tölvur á skrifstofum lagnatengdar. Gera þarf ráð fyrir því að tölvur í leikskólahluta og í rýmum yngstu grunnskólanemenda geti tengst í tölvutengil í vegg.

Hljóðvist

Hljóðvist skal vera skv. kafla 11 í BR og tilheyrandi stöðlum. Þegar kemur að kröfum um hljóðvist eins og segir til um í reglugerð er mikilvægt að gera ýrtrustu kröfur. Reynsla kennir að nauðsynlegt er að fara að ýrtrustu kröfum í öllum rýmum skóla. Einnig er farið fram á sérstaklega hljóðdempuð rými í húsinu svo sem tónlistakennslurýmum og matsölum (fjölnota sölum). Tryggja verður að ekki verði of mikil eftirómun með því að bæta við nægjanlegum flötum með hljóðgleypanni efnun. Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar gæði hljóðvistar. Orkunýting Gerð er krafa um góða einangrun útveggja og þaks til að lækka rekstrarkostnað byggingarinnar. Einnig skal horft til hagstæðs rekstrarkostnaðar þegar kemur til þátta eins og lýsingar, loftræsingar, hitakerfis, snjóbræðslukerfis og fleiri þátta sem tengjast orkunýtingu byggingarinnar.

Loftgæði

Loftgæði skulu vera skv. kafla 10 og 14.9 í BR og tilheyrandi stöðlum.

Loftgæði skólahúsnæðis skulu vera fullnægjandi með tilliti til lykta og mengunar og skal við hönnun tekið tillit til leiðbeiningar umhverfisstofnunar þar af lútandi. Stefnt skal að því að hafa loftræsingu sem mest náttúrulega en ljóst er að á álagssvæðum verður að koma upp loftræsikerfum. Sérstakar ráðstafanir skal gera í hönnun til að koma í veg fyrir sveppamyndun vegna raka. Mikilvægt er að hönnuðir bendi á tillögur að auknum kröfum hvað varðar loftgæði, einkum á þeim stöðum í húsi þar sem búast má við að mikill raki berist í hús. Sérstaklega skal gera grein fyrir lausnum um loftræsingu í nemendarymum, bæði sértækum og almennum.

Brunavarnir

Ljóst er að miklar kröfur eru gerðar til brunavarnakerfis byggingar sem hýsir starfsemi sem þessa og er gerð krafa um vatnsúðakerfi (sprinkler) í byggingunni sem og brunaslöngur, slökkvitæki, neyðarútganga og allt annað sem kveðið er á um í byggingar- og eldvarnar reglugerðum.

Rafræn samskiptakerfi innanhúss

Gerð er krafa um hentugt hljóðkerfi/skjákerfi til samskipta milli rýma innan byggingar. Einnig skal gera ráð fyrir hljóð- og skjákerfum í fjölnotasölum, við aðalinngang og á skólalóð. Algild hönnun Ráðgjafi skal hanna bygginguna samkvæmt hugmyndafræði algildrar hönnunar (hönnun fyrir alla – aðgengi fyrir alla). Algild hönnun tryggir að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr byggingum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður t.d. eldsvoða.

1.7 ÁFANGASKIPTING

Gera skal ráð fyrir því að hægt verði að skipta byggingu skólans í áfanga og að skólinn geti starfað þó svo að aðeins sé lokið við byggingu 1. áfanga hans. Jafnframt sé hugað að því að framkvæmdir við næstu áfanga trufli sem minnst daglegt skólastarf sem fram fer í öðrum áföngum og kalli á sem allra minnst rask.

Skjólgóður gervigrasvöllur þarf að koma strax með 1. áfanga til að minnka þörf fyrir íþróttarými innandyrá.

1.8 SKÓLAHVERFIÐ

Hverfið afmarkast af Urðarbraut til vesturs, Geirdal til austurs og Stapabraut til suðurs. Fullbyggt hverfið gerir ráð fyrir um 1470 íbúðum. Það eru fleiri íbúðir en áður hafði verið áætlað, því til stendur að hanna skipulag hverfisins með það í huga að byggja fleiri minni íbúðir. Við miðum við stuðulinn 0,4 börn fyrir hverja íbúð og byggjum skóla sem getur hýst 500 börn á grunnskólaaldri og 120 börn á leikskólaaldri.

1.9 SKÓLALÓÐIN OG NÆSTA UMHVERFI


Við hönnun skólalóðar þarf að taka mið af mismunandi þroska barna frá tveggja ára til sextán ára og sjá til þess að fjölbreytt tækifæri til eflingar hreyfiproska sé til staðar. Jafnframt þarf að huga að því að góð tengsl séu á milli skólalóðar og nánasta umhverfis og annarra mannvirkja í grenndinni.

2 INNRA STARF skólans

2.1 Leiðarljós nýs skóla

Undirbúningshópur fyrir nýjan skóla í Dalshverfi kom sér saman um nokkrar megin áherslur sem einkenna ætti skólastarfið. Í fyrsta lagi að byggður verði heildstæður skóli, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaskóli og félagsmiðstöð. Skólinn sem verður staðsettur í hjarta hverfisins á jafnframt að geta þjónað grenndarsamfélaginu sem einskona menningarmiðstöð. Og að ennfremur verði lögð áhersla á öflugt foreldrastarf, nán tengsl við nánasta umhverfi, sjóinn, móann og útinámi verði gert hátt undir höfði. Þá verði lögð sérstök áhersla á sköpun og listir, verklegt nám og tækninám.

Undirbúningshópurinn lagði síðan til eftirfarandi myndrænar útfærslur á leiðarljósi nýs skóla. Þessar myndir eiga að endurspeglar sýn og þau gildi sem hópurinn leggur áherslu á að skólastarfið standi fyrir.



2.2 MARKMIÐ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFS

Í lögum um leikskóla, nr. 90/2008, segir að markmið með uppeldi í leikskóla skuli vera: Að hafa velferð barna að leiðarljósi í öllu starfi. Veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 segir að hlutverk grunnskóla sé í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þar segir jafnframt að grunnskólinn skuli stuðla að vísýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli. Nemendum skuli veita tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn. Hlutverk frístundastarfs er að veita börnum og unglingum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Með nýgerðum breytingum á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 tilheyra frístundaheimili nú lögbundinni þjónustu sveitarfélaga. Í lögum segir að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Í nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar er ennfremur lögð áhersla á markvisst og faglegt frístundastarf og að íþrótt- og tólmundastarf sé samþætt skólastarfi á yngsta stigi. Einnig er kveðið á um að boðið sé upp á forskóla í tónlist í fyrstu tveimur árgöngum grunnskólans og að hljóðfæranám sé samþætt öðru skólastarfi.

2.3 Nútímaskóli

Gengið skal út frá þeirri staðreynd að skólar í núverandi mynd hafa ekki verið til um allar aldir, heldur hafa þeir verið mótaðir af venjulegu fólki og þeim má breyta á ýmsa vegu.

Við hönnun nýs skóla sé tekið mið af alþjóðavæðingu og örum tækniframförum. Gert verði ráð fyrir því að nemendur fái aukin tækifæri til nýsköpunar og að tækninám, verknám og listnám fái aukið vægi í skólastarfinu.

Áhersla verði lögð á að skapa fjölbreytt og lýðræðislegt námsumhverfi. Hannaðar séu vinnustöðvar þar sem nemendur geta dregið sig út úr hringiðunni og ígrundað, gert tilraunir eða unnið að fjölbreyttum verkefnum. Einnig þurfa að vera til rými til afþreyingar og hvíldar í námshléum.

Í skóla margbreytileikans verður að gera ráð fyrir fjölbreyttum rýmum til náms, s.s. skynörvunar og jafnframt góðri aðstöðu fyrir sérfræðinga sem munu koma í auknum mæli inn í skólana.

2.4 SAMÞÆTTING

Gert er ráð fyrir að í nýjum skóla fari fram heildstætt starf með börnum og ungmennum frá tveggja til sextán ára aldurs og að frístundastarf verði samofið skólastarfi.

2.5 STARFSEMI LEIKSKÓLAHLUTA

Starfsemin miðast við að samtímis verði 100 - 120 börn í leikskólanum mestan hluta dagsins. Gert er ráð fyrir að leikskólinn skiptist í fjóra árganga. Gert er ráð fyrir að 25-30 börn séu að meðaltali í árgangi. Gera þarf ráð fyrir að um 7% barnanna þurfi á sérstuðningi eða sérkennslu að halda vegna líkamlegrar eða andlegrar fötlunar. Dvalartími hvers barns er frá fjórum stundum og allt að átta stundir á dag. Gert er ráð fyrir 16 stöðugildum í föstum störfum. Fjöldi starfsmanna getur þó verið meiri samtímis í húsinu þegar kemur til afleysinga og sérstuðnings.

2.6 LÝSING Á DÆMIGERÐUM DEGI Í LEIKSKÓLA

Kl. 07:30	Leikskólinn opnar
Kl. 08:30-09:00	Morgunmatur
Kl. 09:00-11:30	Frjáls leikur, útivera, hópastarf, þemavinna, vettvangsferðir
Kl. 11:30-12:30	Hádegisverður og undirbúningur fyrir hann
Kl. 12:30-13:00	Hvöld / slökun
Kl. 13:00-15:30	Frjáls leikur, útivera, hópastarf, þemavinna, vettvangsferðir
Kl. 15:30-16:00	Síðdegishressing, samverustund, frjáls leikur
Kl. 16:00-16:15	Samvera og leikur – leikskólinn lokar

2.7 LÝSING Á DAGSKIPULAGI BARNNA Í 1.-4. BEKK

Kl. 07:30	Húsnæðið opnar
Kl. 08:00	Hafragrautur í boði
Kl. 08:15	Skólastarf
Kl. 09:30-10:00	Frímínútur
Kl. 10:00-12:00	Skóla- og frístundastarf
Kl. 12:00-12:40	Matur og leikur (frímínútur)
Kl. 12:40-14:40	Skólastarf
Kl. 14:40-17:00	Frístundastarf

3 RÝMI

3.1 SAMEIGINLEG RÝMI

Gert er ráð fyrir að öll stjórnunarrými séu á sameiginlegu svæði, eins er matsalur, eldhús, þvottur o.fl. sameiginlegt.

3.2 STJÓRNUN

Gera verður ráð fyrir rýmum fyrir skólastjóra, aðstoðarskólastjóra grunn- og leikskóla, deildarstjóra grunn- og leikskóla, verkefnastjóra frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar, námsráðgjafa, húsvörð, hjúkrunarfræðing, sálfræðing, kaffistofu starfsfólks, fundarherbergi, aðstöðu fyrir ljósritun og bókageymslu, lageraðstöðu o.fl. Aðstöðu fyrir skólaritara og móttöku, minni fundarherbergi til að taka á mót foreldrum, snyrtingar, sturtuaðstaða, fatahengi og læstum skápum fyrir alla starfsmenn. Setustofa, sameiginleg vinnuaðstaða, munaskápar og fatahengi verði í sameiginlegu rými. Vinnuaðstöðu kennara og starfsmanna verði að öðru leyti dreift um skólann og komið fyrir í tengslum við kennslurými. Vinnurými verði skipulögð þannig að þau ýti undir þverfaglega samvinnu.

3.3 KAFFISTOFA ALLRA STARFSMANNA

Kaffistofan þarf að vera björt og rúmgóð. Þar munu margir starfsmannafundir fara fram og því þarf að vera fundaraðstaða. Gott væri að hafa þann möguleika að hólfa rýmið niður, helmingur starfsmanna á fundi og helmingur í kaffi. Á kaffistofunni þarf að vera aðstaða til þess að framreiða mat (kaffibrauð og kaffi) þó að hádegismatur starfsmanna sé borðaður í matsal. Starfsmenn þurfa að geta geymt matvæli í ísskáp. Æskilegt er að hægt sé að ganga út undir bert loft frá kaffistofunni og um leið fylgjast með skólalóðinni.

Ein kaffistofa starfsmanna er í húsinu, auk þess þarf að vera hægt að setjast í sófa í vinnuherbergi starfsmanna. Í vinnuherbergi starfsmanna þarf að vera hægt að læsa muni inni þó munahólf séu í aðalatriðum staðsett við kaffistofu starfsmanna. Í tengslum við starfsmannaaðstöðu er komið fyrir læstum munahólfum fyrir persónulega muni starfsmanna.

3.4 MATSALUR

Börn sem eru á leikskólaaldri borða 3x á dag, morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Börn á grunnskólaaldri hafa kost á því að vera í ávaxtaáskrift, jafnframt hafa þau aðgengi að hafragraut á morgnana. Síðdegishressing frístundaheimilisins fer einnig fram í salnum. Matsalurinn verði hannaður með færanlegum skilrúmunum og gert ráð fyrir að um 200 börn geti matast í samtímis. Skipulag geri ráð fyrir að mögulegt verði að skammta á diska um 100 barna á 10 mínútum, sem þýðir að það þarf tvær tvöfaldar flæðilínur og tvo salatbari með tvöfaldri aðkomu. Gera þarf ráð fyrir tveimur til fjórum snyrtingum í tengslum við matsalinn svo börn þurfi ekki að hlaupa í heimastofur á matartímum.

3.5 ELDHÚS OG MATVÆLAGEYMSLA

Í eldhúsi þarf að vera fullnægjandi aðstaða til matreiðslu. Góð tenging þarf að vera við það rými sem matast er í. Gera þarf ráð fyrir sérstakri loftræsingu frá eldunartækjum. Húsnæðið skal miðað við þarfir framleiðslueldhúss þar sem ekki fer fram hrávinnsla. Góð bakstursaðstaða þarf að vera og mjög gott aðgengi fyrir vörumóttöku. Hafa þarf í huga góða nýtingu á rýminu og góðar vinnuaðstæður fyrir starfsfólk. Í eldhúsinu og tilheyrandi rýmum er gert ráð fyrir innréttingum miðað við framleiðslueldhús. Æskilegt er að þær séu sem mest opnar, þægilegar í notkun fyrir starfsfólk og að auðvelt sé að þrifa þær. Innréttingar þurfa að vera sterkar og þola mikla notkun. Ryðfrítt stál er þar góður kostur. Æskilegt er að sem flestar innréttingar séu á hjólum þar sem því verður við komið.

3.6 ALMENNT UM LEIKSKÓLAHLUTANN

Nettóflatarmál leikrýma er að lágmarki 3 m² á barn. Hér er miðað við fjölda barna utan þess tíma sem dvöl skarast, í þessu tilviki að hámarki 120.

Til leik- og námsrýma teljast heimasvæði og fjölnotarými.

Umhverfið gegnir stóru hlutverki í uppeldi og menntun leikskólabarna. Umhverfið innanhúss er því skipulagt með það í huga. Það rými sem börnunum er boðið verði í senn hvetjandi, aðlaðandi, verndandi og fallegt. Rýmið verði sveigjanlegt á þann hátt að hægt sé að stækka og minnka það eftir þörfum og halda sjónlínu milli svæða en gæta að góðri hljóðvist. Einnig verði hugsað fyrir mismunandi aldri barnanna og miðað við stærð þeirra og þarfir þegar leikskólarými er skipulagt.

Torg eða miðja fyrir yngri börnin verði útfært sem rólegt svæði, umvefjandi þar sem gott er að setjast niður með bók eða púsl. Þar er einnig gott fyrir foreldra að doka við með barninu sínu á leið í og úr skóla. Inn af torginu koma svo heimasvæðin, hvert heimasvæði ætti að hugsa fyrir um 20-25 börn og þurfa slík svæði því að vera fimm - sex sé miðað við 120 barna leikskólahluta. Við hönnun fjölnotasvæða skal taka mið af að 1. og 2. bekkur geti einnig haft gagn af, þetta á aðallega við um kubbasvæðið, hreyfisvæði, listasvæði og yngri barna lóðina. Í jaðri miðjunnar verði efnisbanki (remídur).

Í leikskólahluta byggingarinnar, t.d. í tengslum við torgið, verði mögulega vetrargarður, yfirbyggður útigarður þar sem hægt er að fara út að leika allan ársins hring.

3.7 SAMEIGINLEG RÝMI LEIKSKÓLAHLUTA - FJÖLNOTARÝMI

Fjölnotarými þar sem gert er ráð fyrir að öll börn á leikskólaaldri geti komið saman í minni og stærri hópum. Þar verði aðstaða fyrir listir og skapandi starf s.s. vísindi, myndlist, leiklist, tónlist og dans. Einnig er aðstaða fyrir hreyfingu, byggingaleiki, ímyndunarleiki og vatnsleiki í fjölnotarými.

Fjölnotarýmin þurfa að innihalda:

- Eitt skynörvunarrými
- Tvö sérkennslurými
- Kubbaherbergi
- Blautrými fyrir vatnsleiki
- Samverusal/hreyfisvæði þar sem einnig fer fram tónmenntakennsla yngri barna

Á milli leikskólahluta skólans og grunnskólahluta skólans liggur frístundarýmið.

Svæði fyrir myndlist og annað skapandi starf verði rúmgott, þar er gert ráð fyrir góðum vöskum, og frágangi sem þolir málningu og vatn. Með vatnsleikjum er átt við aðstöðu þar sem börn leika sér með vatn í böllum eða kerum. Í listasmiðju verði niðurfall og vatnshelt gólfefni.

3.8 HEIMASVÆÐI

Barnahópnum er skipt í sex hópa sem hver hefur heimasvæði fyrir sig. Stærð og hönnun heimasvæða fer eftir aldri og fjölda barna á hverju svæði. Á heimasvæðum barnanna verði hönnuð annars vegar tvö glerrými og hins vegar að hægt sé að hólfa stofuna með lausum millivegg. Húsmunir og efnisbankar verði einnig færanlegir þannig að það verði auðvelt að stækka og minnka eftir þörfum. Fjölnotarýmin liggja að heimasvæðunum og hægt verði að opna á milli þeirra þannig að allt húsið nýtist sem best fyrir daglegt leikskólastarf.

Ekki þarf að gera ráð fyrir mataðstöðu á rýmum því matast verður í sameiginlegum matsal. Á heimasvæðum fer fram frjáls leikur, hópastarf, samverustundir, smiðjustarf og hvíld. Vel loftræst hvíldaraðstaða verði á öllum heimasvæðum þar sem hægt er að hafa ró og næði. Æskilegt er að hægt verði að fara beint út á leiksvæði eða pall frá heimasvæði þannig að tengja megi leiksvæði inni og úti.

Gert er ráð fyrir hreinlætisaðstöðu í góðum tengslum við heimastofu. Hreinlætisaðstaða verði rúmgóð með góðri vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk. Á snyrtingu eru tvö salerni og vaskar og aðstaða til að sinna fötluðum börnum ef þörf er á. Við salerni eru lágar hurðir þannig að börn geti lokað að sér en fullorðnir haft yfirsýn.

3.9 FATAHERBERGI

Í húsinu verði tvö fataherbergi fyrir leikskólahlutann með aðstöðu fyrir 60 börn hvort. Þau verði hönnuð út frá stærð og þörfum barnanna. Í fataherbergjum verði gert ráð fyrir hólfum fyrir yfirhafnir barnanna, skógrindum og aukahillu efst í hólfunum fyrir töskur o.fl. sem börnin hafa með sér. Lausir bekkir til að sitja á við að klæða sig úr og í.

Sérstök aðstaða verði til að hengja upp óhreina útigalla barnanna og geymsla fyrir útiföt starfsmanna. Á hverju svæði verði þurrskápur eða heitt þurrkherbergi þar sem blaut útiföt barnanna eru þurrkuð. Í tengslum við fataherbergi og útileiksvæði er gert ráð fyrir snyrtingu fyrir börn sem eru úti að leik, einnig skolvaski til að skola af óhreinum göllum og stígvélum. Ein snyrting í tengslum við útileiksvæði gerir ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn og gesti.

3.10 GEYMSLUR FYRIR LEIKSKÓLAHLUTANN

Í geymslum er gert ráð fyrir námsgögnum, leiktækjum og öðrum búnaði sem lítur að starfinu innanhúss, geymsla fyrir útileikföng er í góðum tengslum við útileiksvæðið. Í leikskólahluta skólans er líkt og alls staðar í byggingunni aðstaða fyrir flokkun og endurvinnslu.

Gert er ráð fyrir að sorpgeymsla sé utan húss.

3.11 STJÓRNUN

Stjórnun leikskólahluta skólans fer fram á sama stað og öll stjórnun skólans.

Til stjórnunarrýmis telst skrifstofa leikskólastjóra, auk fjölnota vinnurýma fyrir starfsmenn og deildarstjóra í vinnuherbergi með starfsmönnum grunnskólahluta (sjá 3.16). Rými fyrir stuðning þarf að vera í tengslum við deildir leikskólahlutans en viðtalsherbergi er annars vegar að finna í samhengi við vinnuherbergi starfsmanna og svo í stjórnunarrými skólans miðsvæðis.

3.12 SNYRTING STARFSFÓLKIS

Við leikskólahluta skólans og 1. og 2. bekk þurfa að vera starfsmannasnyrtingar. Í leikskólahluta skólans þarf einnig að vera snyrting fyrir fatlaða.

3.13 ALMENNT UM GRUNNSKÓLAHLUTANN

Inngangar þurfa að vera tveir, annar er aðalinngangur tengdur bókasafni, félagsmiðstöð, sundlaug og íþróttahúsi og einnig ætlaður eldri hópum skólans (5. - 10. bekk) og hverfisbúum.

Hinn inngangurinn er fyrir yngri börn (2ja – 10 ára) og foreldra sem fylgja og sækja börn í skólann. Þetta er inngangur fyrir 300 börn og þarf hann að kvíslast niður í einingar þannig að hver 50 barna hópur eigi heimafatahengi. Þessi fathengi þjóna einnig frístundastarfi skólans.

Báðir inngangar þurfa að gefa til kynna samhengi hússins og að auðvelt sé að komast í stjórnrymi hússins þaðan.

Í inngöngum þurfa að vera hirslur/fatahengi fyrir yngri börn en hengin þurfa að geta haft nokkuð stórar og þarna þurfa að vera þurrskápar eða þurrkherbergi. Nálægt aðalinngangi þarf að koma fyrir læstum skápum fyrir nemendur, fyrir skó og fatnað, þessir skápar þurfa að geta borið útigalla og snjófatnað. Nálægt þessum fatahengjum þurfa að vera ofnar fyrir vettlinga og grindur fyrir blauta skó þegar þannig viðrar það þarf að gera ráð fyrir lausnum fyrir óskilamuni beggja vegna í húsinu.

Skólinn verður grænn skóli sem flokkar allt sitt rusl. Flokkunarstöðvar þarf því að hanna í bygginguna, smekklega og aðgengilega.

Fjölnotasalur, þarf að vera í góðum tengslum við aðalinngang og tengjast félagsmiðstöð, tónlistarskóla og bókasafni. Þá þarf að vera hægt að loka vinnusvæðum barna og starfsmanna eftir að skóla lýkur, þannig að auðveldlega megi nýta fjölnota rými skólans fyrir grenndarsamfélagið. Þá er mikilvægt að hægt verði að samnýta fjölnotasal og önnur rými t.d. tónmenntastofu. Einnig verði frístundarými samnýtt fyrir t.d. dans-, tónlistar- og leiklistarnám. Áhersla skal lögð á að nýta allt rými sem best og að sem minnst fari í ganga.

3.14 ALMENNT NÁMSRÝMI

Lykilhugtak er sveigjanleiki. Í rýminu þurfa að vera færanlegir veggir, húsgögn og hillur, sem mynda svæði af ýmsum toga. Heimarýmiin í grunnskólahluta skólans eru stór rými fyrir árganga sem í eru um 50 nemendur í grunnskólahlutanum. Þar munu um 3-5 kennarar/ starfsmenn vinna saman að því að skapa námsumhverfi fyrir nemendur þar sem þeir vinna að fjölbreyttum verkefnum, bæði sjálfstætt og í hópum. Á þessum svæðum fer fram fjölbreytt og skapandi nám.

Hér verja nemendur meginhluta skóladagsins og því þarf að huga vel að því að rýmin séu björt og vistleg með góða hljóðvist. Hvert heimarými þarf að hafa a.m.k. 3 minni glerrými þar sem fram fer hópastarf

þar sem má hlæja og spjalla án þess að trufla aðra vinnu sem krefst einbeitingar. Eitt þessara glerrýma þarf að rúma 15 börn, en hin rúmi um 8 nemendur.

Í heimarýminu þarf að vera kjarni þar sem setið er í hring eða skeifu í bólstruðu umhverfi þar sem innlögn fer fram. Rafrænar skólatöflur verða í öllum kjörnum.

Þaðan fara nemendur á sínar vinnustöðvar sem einstaklingar eða í hópum og vinna verkefni. Kennari á að geta haft samband við alla nemendur miðlægt í gegnum spjaldtölvur eða aðra miðla.

Tvö heimarými tengjast með opnanlegum/lokanlegum vegg til hálf og hinn helmingurinn með gagnasmiðju og blautsvæði sem þarf að vera nokkuð gróft. Þessi tvö heimarými köllum við **tvennd**. Hver tvennd er síðan tengd með millirými þar sem við staðsetjum heimasvæði frístundar. Þar þurfa að vera færanleg, góð og örugg hljóðskilrúm, hillur á hjólum, blautsvæði og grófvinnusvæði.

Á milli leikskólahlutans og 1.-2. bekkjar verður frístundarými. Á milli 1.-2. bekkjar og 3.-4. bekkjar verður einnig frístundarými.

Félagsmiðstöð verður fyrir 5.-10. bekk.

3.15 TEYMI

Í nýjum skóla í Dalshverfi verða 14 árgangar. Starfsmenn vinna í teyjum og er hvert teymi með 2-3 árganga. Það má því gera ráð fyrir því að það verði 6 teymi í skólanum. Hvert vinnuherbergi starfsmanna getur rúmað tvö teymi eða starfsmenn allt að fjögurra árganga.

Teymi kennara og annarra starfsmanna skipuleggur starfshætti og áherslur í námi og kennslu hvers námshóps. Í tengslum við hvert námsrými þurfa að vera 3 herbergi fyrir minni og stærri hópa. Gera þarf ráð fyrir snyrtingum í tengslum við kennslurými. Alls eru þetta í grunnskólahluta skólans 10 námsrými sem eiga að geta rúmað allt að 65 börn eða 5 tvenndir fyrir aldursblandaða hópa. Inni á svæðunum eða milli þeirra verði gert ráð fyrir lítilli listasmiðju.

Í heimarýmum er gert ráð fyrir að hver nemandi geti verið með sína aðstöðu. Í miðju heimarýmisins geta verið vinnuborð fyrir hópa þar sem nemendur geta komið saman til að vinna. Þar geta verið námsstöðvar svo sem stærðfræðistöð með stærðfræðigögnum, lestrarstöð með bókum og tímaritum o.s.frv. Þessar námstöðvar verður einnig hægt að nýta í áætlunarvinnu, þemavinnu, stöðvavinnu og þess háttar.

Á hverju svæði þarf að gera ráð fyrir geymslum og/eða hirslum fyrir fjölbreytt námsgögn, pappír, liti, málningu o.fl. Í hópherbergjum verður hægt að hafa innlagnir eða vinna í hópvinnu þegar svo ber undir. Þess á milli yrði herbergið fyrir þá nemendur sem vilja vinna einir og í þögn - hvíldarrými.

3.16 NÁMSVER

Námsver verða tvö og eru þau staðsett miðsvæðis. Hlutverk þeirra er að koma til móts við nemendur sem á einhvern hátt þurfa stuðning við skólagönguna umfram það sem meginþorri nemendahópsins þarfnast. Markmiðið er að bæta félagslega og/eða námslega stöðu nemenda og stuðla þannig að bættri sjálfsmynd og líðan þeirra. Námsverin eru miðstöð sérkennslunnar. Þar er vinnustöð stjórnanda sérkennslu og sérkennara og/eða þroskaþjálfara með tilheyrandi búnaði. Námsverinu verður hægt að

skipta upp í afmörkuð vinnurými með lausum skilrúmum, vinnupláss þarf að vera fyrir 6-8 börn. Sérkennsla fer einnig fram í hópherbergjum sem eru við almenn kennslurými.

3.17 VÍSINDASVÆÐI - NÁTTÚRUSTOFA

Sérstakt svæði verður ætlað fyrir vísinda- og raungreinakennslu. Það skiptist í stærra rými með þeim tækjum sem til þarf við raungreinakennslu svo sem víðsjár, smásjár o.fl. og minna rými inni/útirými þar sem nemendur geta komið inn með það sem þeir hafa safnað úti í náttúrunni. Gera þarf ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir kennara til undirbúnings. Rýmið þarf að hafa útgang beint út á lóð tengt útikennslu. Vísindasvæðið þarf að vera hægt að hólfa niður með millivegg, þannig er hægt að kenna mismunandi aldri samtímis.

3.18 SMÍÐJA - LIST- OG VERKGREINASVÆÐI

Á þessu svæði verður rými fyrir list- og verkgreinar auk vinnuaðstöðu fyrir þrjá kennara ásamt efnisgeymslum. Gert er ráð fyrir rýmum fyrir smíði, textíl og myndlist auk sameiginlegs rýmis til samþættingar þessara greina sín á milli og við bóknám. Tryggja þarf góð tengsl á milli þessara rýma, en þó ekki þannig að ganga þurfi í gegnum eitt til að komast í annað.

3.19 FJÖLNOTASALUR

Fjölnotasalur með sviði er hugsaður fyrir daglegan söng, dans, leiksýningar, upplestur, fyrirlestra, lúðrasveitaræfingar, hljómsveitaræfingar, kóræfingar, og útleigu af ýmsum toga. Æskilegt er að hann sé stækkanlegur inn í tónmenntastofuna. Mikilvægt er að það sé hægt að MYRKVA salinn algerlega, hátalarakerfi og tæknibúr og tæknigeymsla fylgi salnum. Hægt er að hugsa samnýtingarlausnir með svölum eða gangi af efri hæð en þó ekki á kostnað þess að hægt sé að myrkva salinn.

Hljómburður þarf að vera góður en einnig er mikilvægt að geta dempað hljóð með felliskildum þegar svo ber undir. Það þarf jafnframt að vera auðvelt að rúlla flygli úr tónmenntastofu yfir í salinn í gegnum tvöfalda hurð. Æskilegt er að til hliðar við svið sé geymsluaðstaða fyrir búninga, hljóðfærakassa, statíf púlt og fleira tilheyrandi.

Baka til þarf að vera vaskur og lítil snyrting. Þetta svæði nýtist til danskennslu, margvíslegrar listiðkunar, ýmis konar skemmtana, leiklistarkennslu og tónmenntakennslu. Tónmenntastofa verður innaf sviði með möguleika á opnun, þannig að hægt verði að stækka hvort tveggja. Í fjölnotasalnum verður ekki matast en þar geta verið haldnir fyrirlestrar fyrir stóra hópa. Auk þess sem þar getur farið fram fjölbreytt félagsstarf á vegum skólans, félagsmiðstöð barna og unglunga og ýmissa aðila í hverfinu, ráðstefnur og námskeið jafnt sumar sem vetur.

Salurinn mun þjóna grenndarsamfélaginu jafnt sem skólanum sjálfum sem félagsmiðstöð og mikilvægt að allir finni sig þar velkomna. Hönnunin þarf að taka mið af því. Sérstaklega er vakin athygli á því að svæði sem eingöngu tengjast skólanum þarf að vera unnt að loka af þegar starfsemi fer fram í félagsrými utan daglegs skólatíma, þ.e. síðdegis, á kvöldin, um helgar og á sumrin. Huga þarf vel að nýtingu á salnum utan skólatíma.

3.20 TÓNMENT

Tónmenntastofa þarf að vera rúmgóð og björt. Aðgengi þarf að vera að kennslustofum fyrir nemendur í tónlistarnámi sem raskar ekki öðru starfi í skólanum. Gera þarf ráð fyrir vinnuáðstöðu fyrir tónlistarkennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og forráðamenn. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. Hér þarf einnig að gera ráð fyrir fjórum litlum hljóðeinangruðum rýmum, (um 8 – 15 m²) til einkakennslu á hljóðfæri, til upptöku o.fl. Æskilegt er að tónmenntastofan tengist fjölnotasal. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði og æfingasvæði. Æskilegt er að lúðrasveitaræfingar og kóræfingar að öllu jöfnu getir farið þarna fram og í fjölnotasal.

3.21 UPPLÝSINGAVER

Upplýsingaver er rými þar sem nemendur hafa aðgang bæði að tölvum og bókasafni. Hér eiga nemendur að geta unnið að víðtækri upplýsingaöflun. Rýmið þarf að vera vel útbúið lögnum og tengistöðum fyrir ýmiskonar upplýsingatæknibúnað. Upplýsingaverið þarf að vera í góðu sambandi við öll kennslu- og stjórnunarrými. Gera þarf ráð fyrir vinnuáðstöðu fyrir nemendur og starfsaðstöðu fyrir tölvuumsjónarmann og bókasafnsfræðing.

3.22 HEIMILISFRÆÐI

Rými til heimilisfræðikennslu þarf að vera þannig úr garði gert að leikskólabörn geti einnig athafnað sig þar t.d. með útdraganlegum pöllum. Stofan þarf að rúma a.m.k. 12- 16 nemendur í einu og vera með 6 hæðarstillanlegum vinnustöðvum og einu sýnielddhúsi. Gera þarf ráð fyrir vinnuáðstöðu kennara í stofunni og geymslu fyrir matvæli. Gera þarf jafnframt ráð fyrir að nemendur hveirrar kennslustundar matist í kennsluelddhúsinu í lok kennslustundar. Í kennsluelddhúsi þurfa að vera þvottavélar og aðstaða fyrir nemendur til þess að vinna að þvottum.

3.23 ÍPRÓTTASALUR OG SUNDLAUG

Gert er ráð fyrir því að íþróttasalur sé að þeirri stærð sem uppfyllir íþróttanáms samkvæmt aðalnámskrá. Innangengt sé milli aðalbyggingar og íþróttasalar. Gert er jafnframt ráð fyrir því að íþróttasalurinn nýtist til annarrar íþróttaiðkunar á vegum íþróttafélaga sveitarfélagsins. Þá er gert ráð fyrir kennslusundlaug þar sem sundnámið fer fram.

3.24 FRÍSTUNDAHEIMILI OG FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Aðstaða fyrir frístundastarf þarf að vera til staðar í nýjum skóla og þarf að búa svo um hnútana að öll börn og unglingar hafi aðgang að þeirri þjónustu. Frístundastarf er rekið í þremur einingum, frístundaheimili fyrir 6 -9 ára, félagsmiðstöð fyrir 10 – 12 ára og 13 – 15 ára.

3.25 FRÍSTUNDASTARF ALLT ÁRIÐ UM KRING

Frístundaheimili er opið alla virka daga frá skólalokum til kl. 17:00 og er rýmið einnig nýtt á fyrir frístundastarf á skólatíma. Jafnframt er opið allan daginn frá kl. 8:00 – 17:00 á starfsdögum skólans, í páska- og jólafríum. Yfir sumartímam er opið alla virka daga frá kl. 8:00 – 17:00 utan 4ja vikna sumarlokunar.

Mikill meirihluti nemenda nýtir sér þjónustu frístundaheimilisins, allt árið um kring. Boðið er upp á síðdegishressingu sem framreidd er í matsal.

Lögð er áhersla á aldursviðeigandi viðfangsefni í öllu frístundastarfi og því mikilvægt að húsnæðið sé innréttað með aldurskiptingu í huga. Eitt frístundarými fyrir 1. og 2. bekk og annað fyrir 3. og 4. bekk. Þurfa einingarnar að vera líkar í uppbyggingu, með snyrtingu, miðrymi og rýmum til afþreyingar. Búnaður þarf að mæta mismunandi aldursþörfum á hverjum stað.

Allir nemendur skólans í 1.-4. bekk eiga kost á frístundastarfi í frístundaheimili eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og í skólafríum. Mikilvægt er að gott aðgengi sé milli frístundaheimilis og útiaðstöðu.

Í miðrymi frístundaheimilisins þurfa að vera sófar og borð, svo hægt sé að sitja og spjalla. Þar þarf einnig að vera pláss fyrir valkerfi og upplýsingatöflu. Inn af miðryminu koma svo 5 leikrymi, þar sem hægt er að bjóða upp á mismunandi viðfangsefni og skipta hópnum í minni einingar. Einnig þarf að vera tölvuherbergi og sjónvarpsherbergi auk snyrtingar. Góð geymsla þarf að vera með hillum, þar sem hægt er að geyma leikföng. Gera þarf ráð fyrir starfsmannaaðstöðu fyrir skóla- og frístundastarfið í heild.

Félagsmiðstöðin á að geta þjónað allt að 300 börnum og ungmönnum í 5.-10. bekk. Aðstaðan þarf að rúma nokkur minni afþreyingarrými, sjónvarpsherbergi, smiðju og aðgang að eldhúsi. Félagsmiðstöðin nýtir einnig fjölnotasal fyrir böll og stærri viðburði. Viðeigandi búnaður þarf að vera til staðar eins og t.d. hljóðkerfi og svið. Mikilvægt er að miðstöðin rúmi þá starfsemi sem þykir aldursviðeigandi eins og t.d. tónlistar- og upptökuherbergi, borðtennisborð, fótboltaspil og billjardborð. Útlit og hönnun þarf ennfremur að taka mið af ungmönnu. Þá þarf að gæta þess að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar í heildarskipulagi. Að lokum þarf að huga að því að aðgengi að félagsmiðstöðinni sé þannig að hægt sé að nota hana utan hefðbundins skólatíma, um kvöld og jafnvel helgar.

4 SKÓLALÓÐIN

4.1 HELSTU ÁHERSLUR

Skólalóðin er hluti af skólanum og er bæði félagslegur og námslegur vettvangur. Þrátt fyrir að hún sé fyrst og fremst öruggur vettvangur fyrir leik og starf barna í skólanum gegnir hún einnig hlutverki sem leiksvæði fyrir íbúa hverfisins.

Sem félagslegur vettvangur er lóðin fyrst og fremst leikvangur barnanna. Börnum á að líða vel og finnast skemmtilegt að vera að leika sér úti á skólalóðinni. Aðstaða til leikja þarf að vera skipulögð þannig að hún styrki jafnt félags- og hreyfiþroska barnanna. Gera þarf ráð fyrir fjölbreytni m.a. til að koma til móts við ólík áhugasvið nemenda.

Sem námslegur vettvangur styður skólalóðin við aukna áherslu á umhverfisfræðslu og umhverfisvænt skólastarf. Skólalóðin gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki í íþróttakennslu og skal val á leiktækjum taka mið af því. Auk þess er gott ef skólalóðin býður upp á aðstöðu til listsköpunar. Á skólalóðinni skal gera ráð fyrir góðri aðstöðu til sorpflokkunar.

4.2 GRUNN- OG LEIKSKÓLALÓÐ

Leiksvæði fyrir leikskólabörn skal vera afmarkað með girðingu frá leiksvæði grunnskólans en vera þó í góðum tengslum við leiksvæði yngri grunnskólabarnanna. Mikilvægt er að huga að því hvernig því markmiði er best mætt.

Bygging þarf að vera þannig staðsett á lóðinni að hún skapi gott skjól. Jafnframt er mikilvægt að gott aðgengi úr byggingu út á lóðina. Mikilvægt er að form og staðsetning skólabyggingar miðist við að útisvæði njóti sólar. Skipta má lóðinni niður í ákveðin svæði, annað hvort eftir aldri nemenda eða viðfangsefnum til að tryggja fjölbreytta nýtingu. Stígar um lóðina þurfa að vera lagðir þar sem nemendur ganga, snjóbræðsla þarf að vera á gönguleiðum og forðast að leggja stíga í 90° horn. Landslag á skólalóð gerir hana meira aðlaðandi, t.d. hólar. Gera skal ráð fyrir að girða lóðina. Ákveðna hluta lóðarinnar gæti verið nauðsynlegt að loka af, sérstaklega ef um er að ræða svæði sem á að nýta til kennslu eða til flokkunar sorps. Hlutverk girðinga er að afmarka lóðina þar sem þess er þörf og mynda skjól fyrir fólk og gróður. Þær eiga auk þess að tryggja öryggi með því að halda börnunum inni á lóðinni og jafnvel utanaðkomandi aðilum utan hennar. Leiktæki taka mið af aldri og fjölda barna í skólanum. Hefðbundnir vellir fyrir boltaleiki eru nauðsynlegir en gæta þarf þess að leiksvæði séu afmörkuð þannig að athafnasvæði sé ætlað þeim sem ekki vilja vera í boltaleikjum og koma í veg fyrir að þau hrekist út í horn eða á jaðra lóðarinnar. Skólalóðin á að vera hvetjandi umhverfi, stuðla að aukinni samkennd og öryggistilfinningu.

5 AÐ LOKUM

Í meðfylgjandi húsrýmisáætlun eru allar stærðir viðmiðunarkröfur. Við lifum á tímum örra breytinga í samfélaginu og starf skólans þarf að taka mið af þeim. Mikilvægt er að leggja áherslu á sveigjanlegt námsumhverfi sem gerir skólanum kleift að mæta þeim breytingum sem framtíðin ber í skauti sér.

6 VIÐAUKI – STÆRÐIR

Aðkoma	fjöldi	m2	alls	Skýringar
Aðalaðkoma	1	200	200	
Aðkoma samtals:			200	
Stjórnun - þjónusta				
Almenn skrifstofa og biðstofa, deildarstj.	1	55	55	
Skrifstofa skólustjóra	1	15	15	
Skrifstofur aðstoðarskólustjóra	2	15	30	
Fjölnotaherbergi	2	30	60	
Fjölnotaherbergi	1	20	20	
Heilsugæsla með snyrtingu/búningsaðst.	1	15	15	
Námsráðgjafi	1	10	10	
Sálfræðingur	1	10	10	
Fundarherbergi	2	15	30	
Ljósritun og prentun	1	10	10	Einnig á opnum námssvæðum
Vinnustofur á opnum námssvæðum	3	50	150	Tvö teymi á svæði
Setustofa starfsfólks	1	125	125	
Snyrtingar, fatahengi, munaskápar	1	25	25	
Umsjónarmaður	1	10	10	
Stjórnun samtals:			565	
Kennslurými (námssvæði)				
Opin námssvæði, hvíld, snyrt. og geymslur	2	190	380	Leikskólahluti (60+60)
Fjölnotarými/listasmiðja	1	100	100	
Fataherbergi, skol og útiföt	1	120	120	
Opin námssvæði, hópherbergi, snyrt./ræst.	5	400	2000	Grunnskólahluti
Fataherbergi 1. - 4. bekkur	4	50	200	
Fataherbergi 5.-10. bekkur	6	25	150	
Hópherbergi	5	30	150	
Frístundaheimili –1. og 2. bekkur	1	120	120	
Frístundaheimili – 3. og 4. bekkur	1	120	120	
Vísindasvæði/náttúrustofa	1	100	100	
Smiðja	1	330	330	
Heimilisfræðistofa og geymsla	1	80	80	
Tónmenntastofa/tónlistarskóli	1	80	80	
Hljóðfærastofur/tónlistarskóli	3	20	60	
Námsver	1	60	60	
Kennslurými samtals:			4050	
Félagsaðstaða				
Fjölnotasalur	1	200	200	
Félagsmiðstöð	1	75	75	Mið- og unglíngastig
Smiðja	1	30	30	
Matsalur	1	210	210	
Eldhús og afgreiðsla	1	100	100	
Skrifstofa	1	15	15	
Geymsla	1	30	30	
Snyrtingar	1	15	15	
Félagsaðstaða samtals:			675	

Upplýsingaver – bókasafn			
Netvangur – upplýsingasvæði fyrir gesti	1	30	30
Upplýsingaver með tölvum - yngri	2	50	100
Bókasafn	1	100	100
Geymsla	1	20	20
Upplýsingaver samtals:			250
Umferðar-, ræsti- og tæknirými, geymslur og veggir			
Ræsting / þvottur	1	30	30
Tæknirými	1	200	200
Geymslur	3	15	45
Veggir og umferðarrými		1200	1200
Umferðar-, ræsti-, tækni- og lagnarými			1475
Íþróttahús			
Móttaka/afgreiðsla	1	110	110
Íþróttasalur	1	685	685
Geymsla	1	50	50
Búningsklefar og starfsmannaaðstaða	1	205	205
Upphitunarsalur	1	100	100
Tæknirými	1	100	100
Íþróttahús samtals:			1250
Sundlaug			
Sundlaug	1	290	290
Búningsklefar	1	270	270
Tæknirými	1	500	500
Sundlaug samtals:			1060
Heildarstærð skólans:			9525